

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Fræðslunefnd

Varðandi: Mosfellsbær

Nr. erindis 201503558/13.1.0

Dags.: 15.12.2015

Málefni: Helgafellsskóli. Þarfagreining og undirbúningur útboðs á hönnun.

Afrit:

Á 1239. fundi bæjarráðs þann 10. desember 2015 var lögð fram greinargerð frá VSÓ ráðgjöf um val á ráðgjöfum til hönnunar Helgafellsskóla. Skjalið er jafnframt lagt fram með gögnum fræðslunefndar nú.

Þar er lagt til að farin verði sú leið að val á hönnuðum fari fram með hæfnisvali. Í hæfnisvali felst eftirfarandi:

- Þátttakendur vinna ekki lausnir á tilboðstíma en skila með tilboði sínu dæmi um fyrri lausnir sem þeir hafa unnið.
- Þátttakendur gera grein fyrir hæfni sinni til þess að leysa verkefnið.
- Dómnefnd er skipuð af verkkaupa.
- Hönnunarhópurinn er valinn í heild og því er ábyrgðarskiting hópsins gagnvart verkkaupa skýr.
- Verkkaupi hefur mikla aðkomu að vinnu hönnunarhópsins frá upphafi. Hönnunarhópurinn vinnur forsögn og frumdrög undir stjórn verkkaupa. Verkkaupi þarf því ekki að ráða sérstakan ráðgjafa í það eins og í hinum aðferðunum.
- Val allra ráðgjafa tekur stystan tíma eða um 15 vikur sem er 33 vikum styttri tími en í arkitektasamkeppni.

Bæjarráð samþykkti að hefja undirbúning útboðs á hönnun nýs Helgafellsskóla er taki mið af fyrirliggjandi þarfagreiningu. Fyrirkomulag þessarar hönnunarleiðar er þannig að Mosfellsbær er virkur þátttakandi í hönnunarferlinu. Þó tekið sé mið af þarfagreiningunni eins og hún verður á þeim tíma þegar útboð fer fram, er ekki gengið út frá því að þarfagreiningin geti ekki tekið breytingum á tímabilinu. Því er gert ráð fyrir því að svigrúm sé til að breyta og móta þarfagreininguna enn frekar, þó leit að ráðgjöfum, arkitekta- og verkfræðingahópi standi yfir.

Á 312. fundi fræðslunefndar voru lögð fram drög að þarfagreiningu. Nefndin fól Skólaskrifstofu að kynna þarfagreininguna og leita til kennara, stjórnenda, foreldra og annarra bæjarbúa eftir athugasemdum.

Nú þegar hefur einn hópur hafið störf, en sá hópur er samsettur af foreldrum, kennurum og stjórnendum leikskóla. Mun hópurinn leggja megináherslu á leikskólahluta þarfagreiningarinnar. Jafnframt mun hópurinn vera prófsteinn á vinnuferil sem til stendur að vinna eftir með næstu hópum. Búið er að setja saman

kennarahóp og foreldrahóp, en enn á eftir að finna leið til að setja saman rýnihóp með almennum íbúum. Vonast er til að vinna þessara hópa geti farið fram í janúar.

Nú þegar hefur þarfagreiningin verið yfirfarin og fengið athugasemdir frá sérfræðingum. Skólaráðgjafi hefur lesið yfir og komið með athugasemdir, auk þess sem sérfræðingar umhverfissviðs, byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi, hafa yfirfarið þarfagreininguna og hafa athugasemdir þeirra verið felldir inn í nýja útgáfu af þarfagreiningu.

Fræðslunefnd fól Skólaskrifstofu einnig að upplýsa nefndina með reglulegu millibili um framgang verksins og er það tilgangur þessa minnisblaðs.

Virðingarfyllt
Björn Þráinn Þórðarson
framkvæmdastjóri fræðslusviðs